



Alþingi

Austurstræti 6-8  
150 Reykjavík

Reykholti, 28. apríl 2021  
2104030 AS

### Efni: Umsögn um 708. mál

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar veitti eftirfarandi umsögn um drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, lögum um meðhöndlun úrgangs og lögum um úrvinnslugjald (EES-reglur, hringrásarhagkerfi), 708. mál þegar það var kynnt í samráðsgátt:

Sveitarstjórn fagnar því að unnið sé að innleiðingu hringrásarhagkerfis á landsvísu, það rýmar vel við stefnumótun sveitarfélagsins frá 2018, sem unnið hefur verið að innleiðingu á í skrefum. Þó eru atriði í frumvarpinu sem þarfnast nánari skoðunar. Af hálfu Bláskógabyggðar er sérstaklega bent á að huga þarf vel að því hvort og hvernig unnt verið að innleiða greiðslukerfið "borgaðu þegar þú hendir", sbr. 16. gr. frumvarpsdraganna, einkum á svæðum sem hafa flókna samsetningu, t.d. dreifbýli, þéttbýli og frístundasvæði. Skyldur hafa verið lagðar á sveitarfélögin, sem staðfestar hafa verið í úrskurðum í kærumálum, sem gert hafa fyrirkomulag sorphirðu kostnaðarsamt, svo sem vegna þess að staðsetja verður gáma- eða grenndarstöðvar í nánd við sumarhúsasvæði. Í viðfeðmum sveitarfélögum með mörg sumarhúsasvæði kallar þetta á mikinn kostnað. Það að taka við greiðslum á slíkum stöðum kallar á mönnun, sem yrði mjög kostnaðarsamt, eða tæknilausnir, sem ekki liggur fyrir að séu fyrir hendi. Breyta þyrfti fyrirkomulagi gámasvæða og grenndarstöðva til að uppfylla þær kröfur sem lagðar eru til í 16. gr. Hugsa verður að því að þær breytingar sem ráðast verður í til að geta tekið við greiðslum verði ekki úr hófi kostnaðarsamar. Af hálfu Bláskógabyggðar er því velt upp hvort ekki verði að gera ráð fyrir því að ákveðnum hluta kostnaðar verði deilt út á fasteignareigendur í tilvikum sem þessum. Þá er einnig bent á að frestur sveitarfélaganna til að taka upp nýtt kerfi sé of skammur, sorphirða er verkefni sem sveitarfélög bjóða að jafnaði út til nokkurra ára í senn. Breytingar þarfnast góðs undirbúnings, þess að hugað sé vel að útfærslum og allir séu meðvitaðir um fyrirkomulag sorphirðu, flokkun úrgangs o.fl. Þá er bent á að gert er ráð fyrir að nýtt kerfi verði tekið í notkun á miðju ári, eða 1. júlí 2022. Það tímamark verður að teljast óheppilegt vegna þess hvernig fyrirkomulag gjaldtöku er nú, en álagning og innheimta fer fram með öðrum fasteignagjöldum og tekur til almanaksársins. Af hálfu Bláskógabyggðar er þess farið á leit að sveitarfélög sem hafa innan sinna marka mikinn fjölda frístundahúsa komi að greiningu og leit að lausnum hvað greiðslufyrirkomulag varðar. Sveitarfélög á borð við Bláskógabyggð og Grímsnes- og Grafningshrepp, með um 5.000 frístundahúsa, hafa reynt ýmsar leiðir hvað varðar sorpmál frístundahúsa. Í frumvarpsdrögum er lögð aukin áhersla á framleiðendaábyrgð og úrvinnslugjald. Bláskógabyggð telur að ástæða sé til að endurskoða núgildandi fyrirkomulag hvað varðar



úrvinnslugjald og að ef útvíkka eigi slíkt þá þurfi að undirbúa það vel. Úrvinnslugjald stendur í dag ekki undir kostnaði sveitarfélagsins við þá úrgangsflokka sem gjaldið tekur til nú þegar. Tryggja þarf að úrvinnslugjald renni til sveitarfélaganna, eigi það að koma í stað gjalddöku, svo og að það nægi til að standa undir öllu ferli hirðu, eyðingar og umsýslu viðkomandi flokka úrgangs.

Farið hefur verið yfir þær breytingar sem gerðar hafa verið á frumvarpinu og eru þær að ýmsu leyti jákvæðar. Af hálfu Bláskógabyggðar er þó bent á að sá hluti kostnaðar sem heimilt verður að innheimta sem fast gjald á hverja fasteignaeiningu skv. 16. gr. frumvarpsins verði að vera hærri en 25% af heildarkostnaði sveitarfélagsins. Hlutfallið þyrfti að vera nær 50% enda er stór hluti kostnaðar við úrgangsmál fölginn í föstum kostnaði við móttöku- og grenndarstöðvar.

Frestur til að taka upp nýtt fyrirkomulag hefur verið lengdur um sex mánuði. Eftir sem áður er hann mjög knappur.

Þá ítrekar Bláskógabyggð það að nauðsynlegt er að hafa samráð um útfærslur ýmissa atriða í frumvarpinu við sveitarfélög sem hafa flókna uppbyggingu hvað varðar úrgangsmál, svo sem þar sem er bæði þéttbýli og dreifbýli og fjöldi frístundahúsa.

Þá vill Bláskógabyggð koma því á framfæri að endurskoða þarf í heild sinni gjöld vegna endurvinnslu ökutækja. Bæði þarf að hækka skilagjald á ökutæki, til að áfram verði hvati til að skila inn ökutækjum, og einnig tryggja að endurgjald fyrir meðhöndlun ökutækja sé hæfilegt á hverjum tíma. Gjaldskrár Úrvinnslusjóðs þurfa að vera í takt við tímenn hverju sinni, sem ekki hefur verið raunin, sbr. eftirfarandi:


#### 5. Ökutæki

Lagt var fram á fundinum bréf frá Bláskógarbyggð dagsettu 7.2.2019. Þar er farið þess á leit við stjórn Úrvinnslusjóðs að endurgjald fyrir meðhöndlun ökutækja verði endurskoðað. Endurgjaldið hefur verið óbreytt frá árinu 2003 eða 3.500 kr /á ökutæki.

Lagt var fram á fundinum minnisblað sem GS tók saman. Þar er gerð tillaga um að endurgjaldið hækki í 6.300 kr.

*Stjórn samþykkir að hækka endurgjald fyrir aftæmingu á vökvum í úrsérgengnum ökutækjum í 6.300 kr/á ökutæki frá með 1. apríl 2019.*

Virðingarfyllst,

  
Ásta Stefánsdóttir  
Sveitarstjóri Bláskógabyggðar

